

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR 26. janúar 2017





# Skýrsla stjórnar GV starfsárið 2016



## Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 28. janúar 2016 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn GV starfsárið 2016: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Eyþór Harðarson og Gunnar Geir Gústafsson og Harpa Gísladóttir meðstj. Til vara Sigurjón Pálsson og Jón Árni Ólafsson.

Haldnir voru 11 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd, markaðs- og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Vallar- og húsnefnd: Haraldur Óskarsson form

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Gunnar Geir Gústafsson form.

Kvennanefnd: Harpa Gísladóttir form.

Öldunganefnd: Haraldur Óskarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.

Vallarstjóri: Guðgeir Jónsson

Yfirþjálfari/unglinga og barnastarf: Einar Gunnarsson PGA kennari

Í sumari voru um 20 starfsmenn í vinnu hjá GV í rúmlega 7 stöðugildum. Auk þess voru fjöldi félagsmanna sem unnu í ýmsum sjálboðaliðastörfum fyrir klúbbinn.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV hefur setið í stjórn GSÍ um nokkurt skeið og var endurkjörinn til tveggja ára á síðasta golfþingi í nóvember 2015.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

## Mótahald



Árið 2015 voru 32 skráð mót og verkefni á vegum GV á [www.golf.is](http://www.golf.is), bæði lokuð mót og opin þar af 2 GSÍ mót. Opin mót voru 12 þar sem 820 keppendur tóku þátt eða að meðaltali 68 í hverju móti.

Helstu innanfélagsmótin voru meistaramótið þar sem um 120 keppendur tóku þátt þar af 40 börn og ungmenni. 24 konur tóku þátt í meistaramótinu og er það metfjöldi kvenna í meistaramóti á vegum GV. Meistaramótið var spilað miðvikudag til laugardags og á laugardagskvöldinu var mótinu slitið með lokahófi og verðlaunaafhendingu.

Fyrirtækjakeppni GV var haldin líkt og undanfarin ár og vel gekk að safna fyrirtækjum til þátttöku. 77 fyrirtæki tóku þátt og skiptir þessi keppni miklu máli fjárhagslega fyrir klúbbinn en tekjur af henni í ár voru rúmlega ein og hálf milljón króna.

Eins og að framan segir voru 12 opin mót haldin á vegum GV. Að venju var Icelandair Volcano Open fjölmennasta mótið en þetta er í ellefta skiptið sem það er haldið í samstarfi við Icelandair, 127 þátttakendur voru í ár. Mótið tókst í alla staði mjög vel, veður var gott og keppendur, sem flestir koma ár eftir ár, skemmtu sér konunglega þessa helgi hér í Eyjum. Útlit var fyrir metþáttöku í mótið en talsverð afföll urðu sem tengja má við þáttöku íslenska knattspyrnulandsliðsins á EM í Frakklandi. Icelandair volcano 2017 verður goslokahelgina sem nú verður í seinna fallinu eða helgina 7. – 9. júlí.

Minningarmót um Hörð Óskarsson fyrrum gjaldkera GV var haldið í í góðu veðri í júlí og var þátttaka góð. Guinot Open kvennamótið var fyrirhugað í júní en var frestað vegna veðurs og að lokum haldið í ágúst og var vel sótt, mest konur af fastalandinu, og er það mót að festa sig í sessi sem eitt af vinsælli kvennamótum landsins.

Helgina eftir þjóðhátíð héldum við Íslandsmót 35 ára og eldri þar sem 77 keppendur tóku þátt en líkt og árið á undan þá varð slæm veðurspá til þess að margir þátttakendur hættu við á síðustu stundu. Íslandsmót 35 ára og eldri verður í Eyjum árið 2017 og verður nú haldið helgina fyrir þjóðhátíð og vonandi verða veðurguðirnir okkur nú hliðhollir.

Fyrstu helgina í september var haldið hér stigamót GSÍ þar sem þátttakendur voru um 50 talsins. Mótið var fyrsta mótið á Eimskipsmótaröðinni 2016 – 2017 samkvæmt nýju fyrirkomulagi en það hefur sýnt sig að ekki koma margir þátttakendur á mótin sem haldin eru í lok sumars í Eyjum.

Helstu mót og keppendur í mótum á vegum GV voru:  
Icelandair Volcano open, keppendur 127  
Meistaramót GV, keppendur 120  
Sjómanna mót Ísfélags Vestmannaeyja, keppendur 101  
Minningarmót um Hörð Óskarsson, keppendur 91  
Heimsferðir La Sella, keppendur 82  
Fyrirtækjakeppni, keppendur 77  
Íslandsmót 35 ára og eldri, keppendur 77  
Kiwani Oddfellow, Akóges, keppendur 75  
Böddabitamót, keppendur 71  
Guinot Open kvennamót, keppendur 68

Byrjað var á Ecco-mótaröðinni og tókst hún ágætlega en spilaðar voru 18 holur flesta fimmtudaga frá 19. maí til 25. ágúst, alls 9 skipti og tóku um 50 félagsmenn þátt. Eldri kylfingar stóðu fyrir þriðjudagsmótaröð þar sem spilaðar voru 9-18 holur í hvert skipti og kvenkylfingar GV hittust á þriðjudögum þar sem spilaðar voru 9-18 holur. Vonandi verður áframhald á góðri þátttöku kylfinga í þessum föstu mótaröðum og golfhittingi.

Að auki eru árlega haldin fjölmenn boðsmót eða lokuð mót á vegum fyrirtækja og eða hópa, sem og einnig mót fyrir ungmenni GV og fleiri mót sem koma ekki fram á golf.is.

Á formannafundi GSÍ sem haldinn var á Selfossi í nóvember 2016 voru samþykkt drög að mótaskra fyrir árið 2017 þar sem nokkur spennandi og krefjandi verkefni verða í Vestmannaeyjum árið 2017. Íslandsmót í holukeppni verður í Eyjum helgina 23. – 25. júní, Íslandsmót 35 ára og eldri verður í Eyjum helgina fyrir þjóðhátíð 27 – 29. júlí og sveitakeppni eldri kylfinga, kvenna, verður í Eyjum helgina 18. – 20. ágúst. Þá hefur GSÍ ákveðið að endurvekja golfævintýrið og leitað eftir samstarfi við GV um það en endanleg dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Það er því ljóst að mikið af spennandi verkefnum verða á golfvöllinum í Eyjum árið 2017. Á árinu 2016 tók stjórn GSÍ þá ákvörðun að Íslandsmót í höggleið verður haldið í Vestmannaeyjum árið 2018 og verður farið nánar yfir það hér á eftir.

## Völlurinn og Golfskálinn



Sumarið 2016 var eitt það besta í langan tíma á vellinum. Völlurinn kom mjög vel undan vetrinum og var það bæði góðum undirbúningi vallarins fyrir veturinn og hagstæðu veðri að þakka. Undirbúningurinn fólst meðal annars í götun og nokkuð mikilli söndun sem verndar neðsta hluta grasplöntunnar þegar kaldir vindar blása á bert yfirborðið. Auk þess voru sett net yfir flatir við sjávarsíðuna, en það hafði ekki verið gert undanfarin ár. Sama fyrirkomulag var viðhaft fyrir veturinn 2016 – 2017 og vonandi verður tíð áfram góð.

Fyrsti sláttur á flötum var 13. apríl og fljótlega eftir það var opnað inná allar 18 holurnar. Strax í lok apríl var leikið á öllum sumarflötum og teigum nema á 15. flöt sem var eina flötin sem missti einhverja grasþekju að ráði um veturinn. Hún náði sér hins vegar á nokkrum vikum og var í mjög góðu ástandi það sem eftir var af sumrinu.

Lokið var við að byggja tvo teiga á árinu. Teignum á 2. braut var rutt í burtu, hann endurbyggður og lengdur aftur og breikkaður. Einnig var byggður nýr meistaraflokksteigur á 7. braut og lengdist brautin um 20 metra fyrir meistaraflokkskylfingana.

Af öðrum framkvæmdum má t.d. nefna að lokið var við malbikun og frágang á plani við geymsluþrær uppi á Hamri og vegur fyrir framan æfingaskýlið og upp að skála var malbikaður. Nokkrar framkvæmdir voru í kringum æfingaskýlið, það var t.d. klætt að utan, þak tyrft, settir upp ljóskastarar og tyrfd mön fyrir framan æfingaskýli til að verja 18. flötina. Aðeins bættist í tækjaflotann á árinu en bærinn keypti nýja götunarvél og nýja sáningsvél til afnota fyrir golfklúbbinn og ÍBV. Þá hafa skápar í kjallara í golfskála verið endurnýjaðir.

Guðgeir Jónsson hefur starfað á vellinum í heilsársstarfi og auk þess sinnt vinnu og ráðgjöf vegna knattspyrnuvalla bæjarins í samstarfi við ÍBV.

Af næstu framkvæmdum við mannvirki GV þá er komið að nokkru viðhaldi og endurbótum á golfskálanum td. að fjölga salernum og skipta um gólfefni á salnum. Þá hefur verið safnað fyrir Trackman tæki og stendur til að koma því upp í salnum í golfskála og áhugahópur um bættu inniaðstöðu hyggst laga aðstöðuna á efri hæðinni til þess að þar sé hægt að æfa púttin og stutta spilið. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að halda áfram að bæta tækjakost klúbbsins, bæta inniaðstöðuna og bæta ástand vallarins fyrir fyrirhugað Íslandsmót árið 2018.

## Unglinga og afreksstarf



Heilt yfir var árið gott hvað börn og unglunga varðar en hefðbundin starfsemi fór fram yfir sumartímann en vetrarstarfið er alltaf að eflast. Frá ársbyrjun til jóla voru skipulegar æfingar fyrir börn á grunnskólaaldri auk þess sem kraftur var í æfingum afrekshóps.

Afrekshópurinn fór til Spánar í æfingaferð en aftur var farið til La Sella. Hópurinn safnaði fyrir ferðinni ásamt foreldrum sínum með sölu á allskonar varningi og tóku bæjarbúar vel í söluna. Nokkur fyrirtæki í bænum styrktu hópinn myndarlega og sett var upp skilti í æfingaskýlinu þar sem tilgreint er hvaða fyrirtæki lögðu hönd á plóg. Viljum við koma kærri þakklæti á framfæri til þessara fyrirtækja, stuðningur þeirra var mjög mikilvægur bæði fyrir

æfingaferðina sem og sveitakeppni unglunga sem fram fór í ágúst. Afrekshópurinn bauð fulltrúum fyrirtækjanna í lok september á golfvöllinn og spiluðu allir golf saman. Foreldrar tóku virkan þátt í þessum atburðum afrekshóps og eins og með fyrirtækin þá er þeirra þáttur gríðarlega mikilvægur. Um leið og grunnskóla lauk hófst dagleg sumarstarfsemi barna og unglunga hjá GV. Æfingar voru settar upp fyrir alla aldurshópa frá 10 til 18 ára en 6 til 9 ára börnum bauðst að taka þátt í golfleikjaskóla sem var í umsjón Söru Jóhannsdóttur og Kristófers Tjörva. Þátttaka var með svipuðu móti og síðastliðin ár en alls tóku um 70-80 börn þátt í sumarstarfinu.

Í tengslum við æfingar barna í sumar var haldin mótaráð barna. Þátttaka var góð og talsvert fleiri tóku þátt í mótaráðinni í ár en fyrri ár. Íslandsbanki styrkti mótaráðina með verðlaunum og viðurkenningum og voru þau veitt í lok ágúst á sérstökum lokadegi sumarstarfsins. Lokadagurinn gekk mjög vel og komu margir foreldrar og tóku þátt í gleðinni.

Golfsamband Íslands hefur undanfarin ár rekið mótaráð fyrir börn og unglunga og ljóst er að sú mótaráð eflist með hverju árinu. Börn og unglingar frá GV hafa verið virkir þátttakendur á mótaráðinni undanfarin ár en sumarið 2016 jókst fjöldi þátttakenda frá GV á mótaráðinni. Það er sérlega ánægjulegt og munum við halda áfram að stuðla að fjölgun frá klúbbum á barna- og unglungamótaráðum GSÍ.

Sérstakt meistaramót barna og unglunga fór fram í meistaramótsvikunni en undanfarin ár hafa þau leikið á mánudegi og þriðjudegi áður en meistaramót fullorðina hefst. Slíkt fyrirkomulag er gott fyrir starfið og fjöldi barna sem tekur þátt í mótinu eykst frá ári til árs. Leikið er í nokkrum flokkum allt eftir því hve langt börnin eru komin í íþróttinni. Einn flokkurinn leikur á litla vellinum sem staðsettur er á milli brautar tvö og fjögur og ljóst er að þrátt fyrir einungis þrjár holur þá er sá völlur mjög mikilvægur fyrir börn sem eru að stíga sín fyrstu skref. Annar flokkur leikur á svokölluðum grænum teigum en þeir teigar eru staðsettir á brautum aðalvallarins þar sem hver braut er stytt til muna. Eru slíkir teigar mjög mikilvægir fyrir starfsemi barna og unglunga en einnig nýtast þeir fullorðunum byrjendum mjög vel.

Samstarf GV við skólanna er alltaf að eflast en eins og undanfarin ár hefur grunnskólanemendum verið boðið að koma á vordögum í golfkennslu. Einar hefur einnig farið með SNAG búnað golfklúbbsins yfir veturinn inn í íþróttatíma grunnskólans og verið með kennslu fyrir flesta aldurshópa GRV. Þessi samvinna er mjög góð og mikilvægt að halda áfram á þessari braut. Golf er valgrein meðal 8. 9. og 10. bekkja GRV. Kylfingar úr 9. og 10. bekk sem eru í afrekshópi eru einnig skráðir í golfakademíu en æfingar eru settar upp fyrir akademíuna yfir veturinn. Golfakademía GRV mætir í þrjár lotur yfir veturinn, hver lota í tvær til þrjár vikur þar sem æft er snemma morguns áður en skóli hefst samkvæmt stundarskrá. Golfklúbbur Vestmannaeyja og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum gerðu á árinu samning um golfakademíu fyrir nemendur framhaldsskólans. Kylfingar GV sem eru í FÍV og afrekshópi eru skráðir í akademíuna. Golfakademía FÍV stundar golfæfingar og fræðist um íþróttina tvisvar í viku á morgnanna áður en skóli hefst. Nú er akademíustarfið komið af stað bæði fyrir grunn- og framhaldsskólastigið og er það mjög mikilvægt fyrir GV og þá afreksunglinga sem við erum að þjálfva að slíkt starf verði í boði fyrir ungmenni í Vestmanneyjum. Efnilegir kylfingar eru nú að æfa íþróttina af fullum krafti og nokkrir komnir með meistaraflokksforgjöf. Kristófer Tjörvi Einarsson var valinn í afrekshóp GSÍ og hefur hann tekið þátt í því starfi á árinu.

GV sendi tvö lið til keppni á Íslandsmót golfklúbba í unglungaflokki pílta (áður sveitakeppni GSÍ). Annars vegar sendum við lið í flokk 18 ára og yngri en keppnin var haldin á Strandavelli á Hellu. Liðið stóð sig vel og eftir högguleikinn enduðu þeir í efstu deild og tók þá við riðlakeppni. Enduðu leikar þannig að GV lék við GK um 5. sætið en töpuðu þeim leik naumlega þannig að 6. sæti varð niðurstaðan. Árangurinn var í takti við markmið hópsins en litlu mátti muna að liðið kæmist í sjálfan úrslitaleikinn. Flottur árangur hjá peyjunum. Hins vegar sendum við lið til leiks í flokki 15 ára og yngri en leikið var á Selsvelli á Flúðum.

Flestir þeirra voru að keppa í sinni fyrstu sveitakeppni og stóðu þeir sig virkilega vel og öðluðust mikla reynslu sem verður þeim og okkur dýrmæt á næstu árum. GV sendi sveit til keppni í 2. deild karla og verða okkar menn áfram í 2. deild. Þá var send sveit í öldungakeppni og féllu okkar menn úr 2. deild í þá 3.

Eins og undanfarin ár voru haldin byrjenda- og nýliðanámskeið fyrir fólk sem vill kynnst golfíþróttinni. Ágætisþáttaka var á námskeiðin en mjög margir hafa sótt þessi námskeið á síðastliðnum þremur árum. Hluti þeirra sem sótti námskeiðin skráðu sig í golfklúbbinn og hittu Einar alla nýliða að jafnaði einu sinni í viku yfir hásumarið og fór á völlinn með þeim og leiðbeindi þeim í því að spila golf. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og mikilvægt að halda því áfram í framtíðinni.

Í byrjun árs stóð GV fyrir æfingum fyrir meðlimi yfir háveturinn og var þátttaka með miklum ágætum. Um 60 manns skráðu sig til leiks og stunduðu æfingar einu sinni í viku í janúar, febrúar og mars. Sú aðstaða sem byggð hefur verið upp er forsenda fyrir starfi sem þessu. Æfingaskýlið nýttist mjög vel fyrir þessa æfingahópa en að auki var notast við veitingasalinn í golfskálanum en þar voru settar upp pútt- og vippstöðvar sem nýttust vel til æfinga.

## Félagsstarf, notkun golfvallar



Félagatal GV eru lítið breytt milli ára, rúmlega 400 eru skráðir í félagatali og þar af eru um 70 yngri en 16 ára. GSÍ er næst stærsta sársamband ÍSÍ með um 16.500 þátttakendur eða um 5% landsmanna, flestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu eða um 10.000 en 2.800 eru á suðurlandi. Samkvæmt félagatalinu eru félagar í GV um 10% af heildarfölda bæjarbúa sem teljast verður nokkuð gott hlutfall. GV er áfram 10 stærsti klúbbur landsins talið í fjölda félaga. Ef tekjur klúbbana eru skoðaðar þá er GV í 8 sæti yfir tekjuhæstu klúbbana en fimm höfuðborgarklúbbar, Akureyri og Leynir á Akranesi eru með hærri tekjur en GV.

Golf á sér mikla hefð í Vestmannaeyjum og er Golfklúbbur Vestmannaeyja elsta aðildarfélag ÍBV héraðssambands eftir að Þór og Týr voru lögð niður. Eins og að framan segir er stór hluti heimamanna meðlimur í golfklúbbnum. Klúbburinn leggur sig fram um að skila metnaðarfulla barna- og unglíngastarfi og var fyrsta íþróttafélagið í Eyjum til að uppfylla skilyrði sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ og var það endurnýjað nú í byrjun ársins. Auk þessa þá er golfvöllurinn mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn bæði Ísdendinga og útlendinga og hafði GV forgöngu um að stofna samtökin Golf Iceland sem er samtök golfklúbba og ferðapjónustuaðila sem hafa það að markmiði að kynna möguleika til golfs á Íslandi.



Á árinu 2016 byrjuðu áhugasamir félagar að safna fé til uppbyggingar á vetraræfingaaðstöðu klúbbsins m.a. til að kaupa Trackman golfgreiningartæki. Söfnun gekk vel í lok ársins og hefur nýtt tæki verið pantað og stefnt er að því að koma því fyrir í golfskála. Þá ætlar hópurinn að bæta inniaðstöðuna m.a. með því að koma upp aðstöðu til æfinga á þúttum og stutta spilinu á efri hæð golfskála. Hópurinn hefur safnað um 4 – 5 milljónum og viljum við þakka öllum þeim sem lögðu málinu lið en það verður til þess að efla starfsemi og árangur klúbbsins.

Á golf.is eru skráðir 13.763 hringir á vellinum árið 2016 og skiptast þeir þannig:

Félagsmenn GV 8.394 hringir

Gestir 3.773 hringir

Keppendur í mótum 1.596

Þátttakendur í sveitakeppnum, boðsmótum, texas cramble-mótum eru ekki að fullu skráðir inn á golf.is, spilaðir hringir á vellinum eru því töluvert fleiri. Skráning félagsmanna á rástíma hefur batnað en til samanburðar voru skráðir hringir tæplega 9.000 árið 2015.

GV er í vinaklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir, Hellishóla og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.

## Fjármál og rekstur



Rekstur klúbbsins gekk ágætlega á árinu en hefðbundnar rekstrartekjur klúbbsins fyrir utan viðbótarframlög standa í stað á milli ára og eru um 63 milljónir og afkoma af rekstri til nýframkvæmda og uppbyggingar er engin. Tekjur af árgjöldum hækka lítillega á milli ára, tekjur af mótum lækkuðu á milli ára en tekjur af vallargjöldum og veitingasölu hækka um 10% á milli ára og skiptir þar væntanlega máli að völlurinn var í góðu ástandi og veður betra en árið á undan. Rekstrargjöld lækkuðu úr 65 milljónum í 63 milljónir eða um 3% og skiptir þar máli að kostnaður vegna viðgerða á velli er minni og aðhalds hefur verið gætt í rekstri. Á undanförmum árum hefur launakostnaður aukist en í dag eru framkvæmdastjóri, vallarstjóri og golfkennari við störf hjá klúbbum stærstan hluta ársins.

Golfklúbbur Vestmannaeyja hefur fengið viðbótarframlag frá Vestmannaeyja til framkvæmda við völl og mannvirki klúbbsins en framlag þetta er nauðsynlegt til þess að viðhalda eðlilegri uppbyggingu hjá klúbbum og uppfylla kröfur kylfinga í klúbbum og þeirra sem hingað koma frá fastalandinu og erlendis frá. Þá er okkur þetta framlag nauðsynlegt til að uppfylla kröfur til þeirra móta og verkefna sem GSÍ hefur sent til Eyja. Golfvöllurinn gegnir

mikilvægu hlutverki fyrir marga bæjarbúa, sinnir barna- og unglingsstarfi og er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Framlag sveitarfélagsins til uppbyggingar golfvallarins er góð fjárfesting og skilar sér margfalt til samfélagsins.

Lausafjárstaða er góð en stjórn hefur lagt áherslu á að eiga laust fé til rekstrar og framkvæmda og greiða niður lán. Um áramót er laust fé um 8 milljónir auk sjóðs til kaupa á Trackman tæki og skuld klúbbsins sem er í dag eitt langtímalán í Íslandsbanka sem stendur í tæplega 9 milljónum en lánið er á 7,8 % vöxtum. Stjórn hefur verið að greiða lánið niður og stefnir á að gera það áfram og er ekki óraunhæft að klúbburinn verði skuldlaus á næsta aðalfundi í byrjun árs 2018. Skuldir klúbbsins hafa lækkað hratt á undanförunum árum en árið 2013 voru skuldir um 40 milljónir en eru núna í dag um 10 milljónir.

Hér má sjá full árgjöld hjá nokkrum klúbbum sem gera út 18 holu golfvelli og eru með heildarstarfsemi í byggðum sveitarfélögum:

GO	109.000
GR	99.750
GK	99.750
GKG	102.300
GM	94.990
GA	89.000
GL	80.000
GS	77.000
<u>Meðaltal</u>	<u>93.974</u>

Gerð er eftirfarandi tillaga að árgjöldum fyrir árið 2017

Skipting félagsmanna	Gjaldskrá 2016	Tillaga um breytingu 2017
Fullt gjald(28-69 ára)	68.000	72.000
Hjón *2	122.400 (61.200)	129.600 (64.800)
70.ára +	34.000	36.000
19-27 ára		36.000
NL.gj. 1ár	42.000	45.000
NL.gj. 2.ár	45.000	50.000
Nemagj. (fullorðnir)	37.000	37.000
Aukaaðild	40.000	40.000
18 ára og yngri	25.000	25.000

Samkvæmt samþykkt aðalfundar 2009 eru hjónum veittur 10% afsláttur af fullu gjaldi og 70 ára og eldri fá 50% afslátt frá fullu gjaldi. Heildartekjur vegna árgjalda árið 2016 voru um 17,9 milljónir króna og nái þessar tillögur fram að ganga verða heildartekjur af árgjöldum um 18,5 milljónir árið 2017 eða um 25 % af áætluðum tekjum klúbbsins.

Hækkun árgjalda er um tæp 6% en engin hækkun er á yngri meðlimi og nema í fullu námi yfir 18 ára aldri. Árgjöld GV eru áfram um 15 – 20 % lægri en hjá þeim klúbbum sem bjóða uppá sambærilega aðstöðu og GV. Rétt er að benda á að inni í gjöldum yngstu félaga GV er æfingagjald en GV hefur lagt mikla áherslu á að bæta þá þjónustu og eru nú reglubundnar æfingar undir handleiðslu menntaðs golfkennara inni þessu gjaldi stærstan hluta ársins. Þá er bent á að Vestmannaeyjabær hefur tekið upp frístundastyrki kr. 25.000 á barn og geta börn því nýtt þann styrk til greiðslu framangreindra gjalda. Golfklúbbur Vestmannaeyja mun ekki hækka gjöld þrátt fyrir frístundastyrki og aukna þjónustu við þennan hóp en mikilvægt er að fjölga í hópi barna sem stunda golf hjá GV.

## Að lokum



Í byrjun ársins fengum við bréf frá forseta GSÍ þar sem tilkynnt var um það að Íslandsmót í högggleik verði í Eyjum árið 2018. Er það mikið metnaðarmál fyrir klúbbinn að halda það mót á 80 ára afmælisári klúbbsins en síðast var mótið haldið í Eyjum á 70 ára afmælinu árið 2008. Þá verður Íslandsmót í holukeppni haldið í Eyjum sumarið 2017.

Engar stærri framkvæmdir eru fyrirhugaðar á vellinum á árinu en vinna þarf að því að völlurinn verði í sínu besta ástandi næstu misseri og við getum verið stolt af vellinum þegar þessir stóru viðburðir eru haldnir í Eyjum.

Áfram þarf að efla innra starf klúbbsins og fyrirhuguð kaup á Trackman tæki og bæting á inniaðstöðu verður vonandi til þess að fleiri kylfingar munu æfa golf allt árið og að okkar afrekskylfingar nái að bæta sig.

Á sama tíma og við bætum aðstöðu klúbbsins þarf að huga vel að fjármálum og rekstri og stefna að því að klúbburinn verði skuldlaus en það er nauðsynlegt til þess að geta haldið úti þeirri þjónustu og starfsemi sem klúbburinn býður uppá í dag. Til áframhaldandi uppbyggingar er nauðsynlegt að fá viðbótarframlög frá sveitarfélaginu til framkvæmda.

Eins og undanfarin ár verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka, stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins, fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 26. janúar 2017  
f.h. stjórnar.  
Helgi Bragason, formaður

Myndir í ársskýrslu:  
Úr safni GV  
Óskar Pétur Friðriksson  
Einar Gunnarsson  
Guðgeir Jónsson  
Sigurjón Pálsson



# Golfklúbbur Vestmannaeyja

---

Ársreikningur

---

2016



## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur .....		63.141.795	63.074.681
Kostnaðarverð seldra vara .....		(7.193.694)	(7.458.649)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....		(26.236.828)	(27.991.423)
Annar rekstrarkostnaður .....		(24.668.318)	(24.470.508)
Afskriftir fastafjármuna .....		(4.751.136)	(5.028.360)
<b>Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>291.819</b>	<b>(1.874.259)</b>
Fjármunatekjur .....		497.000	178.548
Fjármagnsgjöld .....		(1.261.871)	(1.902.435)
	1	(764.871)	(1.723.887)
Framlag til æfingaskýlis .....		15.000.000	15.000.000
Framlag v. nýs golfæfingatækis .....		2.200.000	0
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>16.726.948</b>	<b>11.401.854</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>			
Innréttingar .....		1.192.999	1.403.528
Golfvöllur .....		90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld .....		11.570.580	13.612.447
Fasteign .....		80.792.588	76.904.157
		<u>183.556.167</u>	<u>181.920.132</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		350.000	350.000
Viðskiptakröfur .....		2.143.702	945.385
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja .....		800.000	800.000
Aðrar skammtímakröfur .....	2	83.246	8.630
Handbært fé .....	2	10.260.359	7.504.299
		<u>13.637.307</u>	<u>9.608.314</u>
<b>Eignir</b>		<u>197.193.474</u>	<u>191.528.446</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		169.931.675	158.529.821
Hagnaður (tap) ársins .....		16.726.948	11.401.854
Eigið fé		<u>186.658.623</u>	<u>169.931.675</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		7.587.911	17.598.553
		<u>7.587.911</u>	<u>17.598.553</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		915.064	570.394
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		379.396	1.309.676
Aðrar skammtímaskuldir .....	3	1.652.480	2.118.148
		<u>2.946.940</u>	<u>3.998.218</u>
Skuldir		<u>10.534.851</u>	<u>21.596.771</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>197.193.474</u>	<u>191.528.446</u>

# Skýringar

## 1. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2016	2015
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	497.000	178.548
	497.000	178.548
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(1.261.871)	(1.902.435)
	(1.261.871)	(1.902.435)
	<u>(764.871)</u>	<u>(1.723.887)</u>

## 2. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2016	31.12.2015
Virðisaukaskattur .....	83.246	8.630
	83.246	8.630
<b>Handbært fé</b>		
Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.		
	<u>31.12.2016</u>	<u>31.12.2015</u>
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	10.260.359	7.487.942
Sjóðir .....	0	16.357
	<u>10.260.359</u>	<u>7.504.299</u>

## 3. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2016	31.12.2015
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	821.283	594.875
Ógreiddir áfallnir vextir .....	831.197	1.523.273
	<u>1.652.480</u>	<u>2.118.148</u>



## Sundurliðanir

	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld og námskeiðsgjöld .....	17.879.020	17.553.633
Framlög og styrkir .....	20.371.860	20.607.015
Móta- og vallargjöld .....	14.292.519	15.324.615
Veitingasala .....	10.598.396	9.589.418
	<u>63.141.795</u>	<u>63.074.681</u>
<b>Kostnaðarverð seldra vara</b>		
Vörukaup innanlands .....	7.193.694	7.458.649
	<u>7.193.694</u>	<u>7.458.649</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður</b>		
Vinnulaun .....	20.084.219	21.404.655
Bifreiðastyrkir .....	1.840.000	2.000.000
Tryggingagjald .....	1.798.214	2.017.620
Lífeyrissjóður .....	2.052.731	2.142.050
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður .....	345.490	358.454
Vinnufatnaður .....	116.174	68.644
	<u>26.236.828</u>	<u>27.991.423</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Sími og burðargjöld .....	556.890	412.216
Pappír, prentun og ritföng .....	659.688	407.935
Rafmagn, hiti og vatn .....	1.452.220	1.363.066
Viðhald húsnæðis .....	318.556	46.837
Vátryggingar húsnæðis og tækja .....	455.834	398.117
Fasteignagjöld .....	561.433	571.359
Annar húsnæðiskostnaður .....	366.463	362.419
Sandur, áburður, fræ o.fl. ....	2.727.857	3.958.317
Framkvæmdir á velli .....	4.895.881	3.666.627
Bensín og olíur .....	628.468	747.762
Smááhöld .....	730.773	1.379.497
Varahlutir - viðhald áhalda og tækja .....	3.784.550	3.140.525
Auglýsingar .....	283.559	47.730
Móta- og keppniskostnaður .....	2.117.471	2.671.653
Námskeið og golfskóli .....	1.325.995	2.385.802
Félags- og aðildargjöld .....	1.943.400	1.689.000
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	474.464	0
Leyfisgjöld .....	274.026	226.861
Ýmis kostnaður .....	807.240	741.290
Þjónustugjöld banka .....	303.550	253.495
	<u>24.668.318</u>	<u>24.470.508</u>

## ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. desember 2016, reksrarreikningi 1. janúar 2016 – 31. desember 2016 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 16.726.948.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2016 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.

Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 186,658,623.-

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 18. janúar 2017

### Í stjórn

  
Helgi Bragason

  
Haraldur Óskarsson

Harpa Gísladóttir

  
Eyþór Harðarson

  
Gunnar Geir Gústafsson

  
Sigurjón Pálsson

  
Jón Arni Ólafsson

### Framkvæmdastjóri

  
Elsa Valgeirsdóttir

# ÁRITUN



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum skoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið skuldastöðu klúbbsins og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar skoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 og efnahag klúbbsins 31. desember 2016.

Vestmannaeyjum 17. janúar 2017

  
Gunnar Gunnarsson

  
Guðni Sigurðsson

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



## REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

**2012 - 2016**

# REKSTRARREIKNINGUR 2012 - 2016

<b>Rekstartekjur</b>		<b>2016</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Veitingasala .....	kr.	10.598.396	9.589.418	10.126.687	9.242.328	9.593.931
Móta- og vallargjöld .....	kr.	14.292.519	15.324.615	17.134.953	13.854.390	17.134.953
Árgjöld og námskeiðsgjöld .....	kr.	17.879.020	17.553.633	17.520.500	15.936.000	17.520.500
Framlög og styrkir .....	kr.	20.371.860	20.607.015	24.083.610	25.811.769	15.720.846
<b>Rekstartekjur alls</b>	<b>kr.</b>	<b>63.141.795</b>	<b>63.074.681</b>	<b>68.865.750</b>	<b>64.844.487</b>	<b>59.970.230</b>
<b>Rekstarkostnaður</b>						
Vörunotkun .....	kr.	7.193.694	7.458.649	9.555.846	7.852.664	8.551.754
Laun og launatengd gjöld .....	kr.	26.236.828	27.991.423	24.027.620	21.643.042	17.953.727
Annar rekstarkostnaður .....	kr.	24.668.318	24.470.508	28.409.838	26.207.878	21.944.319
Fyrningar .....	kr.	4.751.136	5.028.360	4.985.680	4.334.693	3.703.536
<b>Rekstrarkostnaður alls</b>	<b>kr.</b>	<b>62.849.976</b>	<b>64.948.940</b>	<b>66.978.984</b>	<b>60.038.277</b>	<b>52.153.336</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármagnslíði</b>		<b>291.819</b>	<b>-1.874.259</b>	<b>1.886.766</b>	<b>4.806.210</b>	<b>7.816.894</b>
<b>Fjármunatekjur og gjöld</b>						
Vaxtatekjur .....	kr.	497.000	178.548	90.818	82.617	141.060
Vaxtagjöld og verðbætur .....	kr.	-1.261.871	-1.902.435	-2.767.581	-2.698.177	-3.029.004
<b>Fjármunatekjur og gjöld alls</b>	<b>kr.</b>	<b>-764.871</b>	<b>-1.723.887</b>	<b>-2.676.763</b>	<b>-2.615.560</b>	<b>-2.887.944</b>
<b>Aðrar tekjur</b>						
Önnur framlög .....	kr.	17.200.000	15.000.000	15.000.000	10.000.000	5.000.000
	<b>kr.</b>	<b>17.200.000</b>	<b>15.000.000</b>	<b>15.000.000</b>	<b>10.000.000</b>	<b>5.000.000</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>kr.</b>	<b>16.726.948</b>	<b>11.401.854</b>	<b>14.210.003</b>	<b>12.190.650</b>	<b>9.928.950</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 2012 - 2016

### Eignir

		2016	2015	2014	2013	2012
<b><u>Veltufjármunir:</u></b>						
Handbært fé .....	kr.	10.260.359	7.504.299	2.722.676	4.852.162	2.985.614
Viðskiptakröfur .....	kr.	2.143.702	945.385	986.548	951.528	1.351.912
Áðrar skammtímakröfur .....	kr.	83.246	8.630	117.865	0	4.892
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja .....	kr.	800.000	800.000	800.000	800.000	800.000
Vörubirgðir .....	kr.	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>13.637.307</b>	<b>9.608.314</b>	<b>4.977.089</b>	<b>6.953.690</b>	<b>5.492.418</b>
<b><u>Fastafjármunir:</u></b>						
Innréttingar.....	kr.	1.192.999	1.403.528	1.651.208	1.942.598	2.285.411
Golfvöllur.....	kr.	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld .....	kr.	11.570.580	13.612.447	12.811.596	9.382.465	8.110.222
Fasteign.....	kr.	80.792.588	76.904.157	78.680.568	75.535.561	63.397.466
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>183.556.167</b>	<b>181.920.132</b>	<b>183.143.372</b>	<b>176.860.624</b>	<b>163.793.099</b>
<b>EIGNIR SAMTALS .....</b>	<b>kr.</b>	<b>197.193.474</b>	<b>191.528.446</b>	<b>188.120.461</b>	<b>183.814.314</b>	<b>169.285.517</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2012 - 2016

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

		2016	2015	2014	2013	2012
<b><u>Skammtímaskuldir:</u></b>						
Skuldir við bankastofnanir	kr.	0	0	0	3.500.000	0
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	831.197	1.523.273	1.934.098	1.962.768	437.694
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	915.064	570.394	917.919	2.396.908	2.533.328
Virðisaukaskattur.....	kr.	0	0	0	16.954	0
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	379.376	1.309.676	1.309.676	1.309.676	1.358.360
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	821.283	594.875	319.752	185.634	226.303
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>2.946.920</b>	<b>3.998.218</b>	<b>4.481.445</b>	<b>9.371.940</b>	<b>4.555.685</b>
<b><u>Langtímaskuldir:</u></b>						
Íslandsbanki Nr. 188559 - ÓVT.....	kr.	7.967.307	18.908.229	26.418.871	31.432.232	33.959.024
	kr.	7.967.307	18.908.229	26.418.871	31.432.232	33.959.024
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	379.376	1.309.676	1.309.676	1.309.676	1.358.360
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>7.587.931</b>	<b>17.598.553</b>	<b>25.109.195</b>	<b>30.122.556</b>	<b>32.600.664</b>
<b>Skuldir alls</b>	<b>kr.</b>	<b>10.534.851</b>	<b>21.596.771</b>	<b>29.590.640</b>	<b>39.494.496</b>	<b>37.156.349</b>
<b><u>Eigið fé</u></b>						
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	169.931.675	158.529.821	144.319.818	132.129.168	125.048.030
Hagnaður ( - tap ) ársins.....	kr.	16.726.948	11.401.854	14.210.003	12.190.650	7.081.138
<b>Annað eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>186.658.623</b>	<b>169.931.675</b>	<b>158.529.821</b>	<b>144.319.818</b>	<b>132.129.168</b>
<b>Eigið fé alls</b>	<b>kr.</b>	<b>186.658.623</b>	<b>169.931.675</b>	<b>158.529.821</b>	<b>144.319.818</b>	<b>132.129.168</b>
#####	<b>kr.</b>	<b>197.193.474</b>	<b>191.528.446</b>	<b>188.120.461</b>	<b>183.814.314</b>	<b>169.285.517</b>

